

Sestu lestu



Danski draugurinn

VERKEFNI

Nafn: _____



Áður en sagan er lesin
skaltu skoða bókina og svara
eftirfarandi spurningum:



1. Hvað heitir sagan? _____
2. Eftir hvern er sagan? _____
3. Hver teiknaði myndirnar í bókinni? _____
4. Hver gefur bókina út? _____
5. Hvað er bókin margar blaðsíður? _____
6. Hvað eru margir kaflar í bókinni? _____
7. Skoðaðu myndirnar á bókarkápunni. Um hvað heldur þú að sagan sé?

8. Skoðaðu bókarkápuna og rifjaðu upp hvað nafnorð eru. Útskýrðu það með þínum orðum og finndu svo 10 nafnorð á bókarkápunni.

Útskýring á nafnorðum: _____

Nafnorð af bókarkápunni: _____

1. kafli bls. 5-8

1. Hvað heitir strákurinn sem fyrstur er kynntur í sögunni? _____

2. Hver er Fanney? _____

3. Hvað merkir *að snjónum hafi kyngt niður*?

- ☐ Einhver setur snjó upp í sig og kyngir honum svo.
- ☐ Það snjóar mjög mikið.
- ☐ Stór snjókorn sem falla hægt til jarðar.



4. *Sagt er að engin tvö snjókorn séu eins. Komdu með dæmi um eitthvað annað þar sem engin tvö eintök eru nákvæmlega eins. Ef þú lendir í vandræðum með að finna eitthvað, ræddu málið þá við bekkjarfélaga þinn.* _____

5. Hvað merkir að vera *fróð/fróður*? _____

6. Hvenær gerist sagan? _____

7. Börnin voru hávaðasöm og æst. Af hverju heldur þú að það hafi verið? _____

8. Hvernig leit piparkökuhúsið út?

- ☐ Það var með hvítum glassúr á þakinu sem leit út eins og snjór.
- ☐ Það var með gulum glassúr og fullt af nammi.
- ☐ Það var með hvítum og rauðum glassúr og jólasveini á þakinu.

9. Hvert var Kári þór að fara eftir skóla og hvað heitir vinkona hans?

10. Hvað heitir skólinn hans Kára?

- ☐ Furuvalsskóli
- ☐ Furunesskóli
- ☐ Furuvallaskóli



11. Af hverju er mikilvægt að æfa sig, t.d. í skólanum, í íþrótt eða á hljóðfæri?

12. Hvar ætlaði kórinn að syngja um jólin? Nefndu a.m.k. þrjá staði.

13. Hvaða mánaðardag eru Þorláksmessa og annar í jólum?

Þorláksmessa: _____

annar í jólum: _____

2. kafli bls. 9-14



1. Hvað heitir kórstjórinn? _____

2. Við hvað vinnur sá sem er kvikmyndagerðarkona eða kvikmyndagerðarmaður?

3. Af hverju vill Tómas að krakkarnir séu stundvísir á kóræfingu?

4. Hvers vegna er mikilvægt að vera stundvís? Hvað finnst þér?

5. Hvers vegna var Sandra Dís sein á kóræfingu?

- ☐ Bíll mömmu hennar festist í skafli og þær biðu lengi eftir kranabíl.
- ☐ Bíll mömmu hennar festist í skafli og hún þurfti að ganga í skólann.
- ☐ Bíll mömmu hennar festist í skafli og Sandra kom með leigubíl.

6. Um hvað á bíómyndin að fjalla? _____

7. Hvað merkir að vera statisti í bíómynd?

8. Hvað heldur þú að ærsladraumur sé? _____

9. Í íþróttum er gott að hita vöðvana upp til að minnka líkur á meiðslum. Hvernig heldur þú að hægt sé að hita upp í söng og hvers vegna er það æskilegt?

10. Hvað merkir *að gjóa augunum* á eitthvað?

☐ blikka augunum


☐ líta á

☐ stara



11. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás.

3. kafli bls. 15-18



1. Teiknaðu vísana á réttan stað inn á klukkuna.

Ísabella kom til Kára þegar klukkuna vantaði korter í níu.

2. Hvað merkir að vera klæddur eftir veðri?

- ☐ Klæðnaður tekur mið af veðri, t.d. regngalli í rigningu.
- ☐ Maður velur uppáhalds fötin sín.
- ☐ Klæðnaður er valinn þegar maður er kominn inn eftir að hafa verið úti.

3. Hvað langar Ísabellu að verða þegar hún er orðin stór? _____

4. Hvað merkir að vera á ferli? _____

5. Hvers vegna ætli fáir hafi verið á ferli? _____

6. Hvernig var skólinn öðruvísi en venjulega? Nefndu a.m.k. þrjú atriði.

7. Hvað merkir í skjóli nætur?

- ☐ Að fara í feluleik.
- ☐ Eitthvað sem gerist laumulega um nótt.
- ☐ Eitthvað mjög skrítið gerist.

8. Sandra var agndofa þegar hún sá skólann. Hvað merkir að vera agndofa?

- ☐ undrandi eða hissa
- ☐ reið eða örg
- ☐ glöð eða ánægð



9. Krökkunum fannst skólinn líta út eins og ...

- ☐ draugahöll
- ☐ skautahöll
- ☐ sundhöll

10. Af hverju málaði kvikmyndagerðarfólkið skólann að utan?

- 11. Rifjaðu upp hvað sérnöfn og samnöfn eru. Í kaflanum koma fyrir nokkur sérnöfn. Hvað getur þú fundið mörg? Skrifaðu þau niður og mundu að sérnöfn byrja alltaf á stórum staf.**



- 12. Rifjaðu upp hvað nafnorð eru. Skoðaðu svo myndina á blaðsíðu 15. Finndu 10 nafnorð á myndinni og skrifaðu í töfluna hér fyrir neðan.**

Nafnorð (no.)	

- 13. Skoðaðu nú myndirnar í 4. kafla. Hvað heldur þú að gerist í kaflanum?**

4. kafli bls. 19-24

1. Hvernig hafði stofu 10 verið breytt? _____

2. Hvað var komið í staðinn fyrir skólaborðin? _____

3. Hvað merkir *að vera á þönum*?

- ☐ þenja sig út af lofti
- ☐ vera mjög upptekinn
- ☐ vera annars hugar



4. Hvernig var ókunnuga stelpa klædd? _____

5. Hvað stóð framan á bol ókunnugu stelpunnar?

- ☐ Draugaskóli æskunnar
- ☐ Ævintýri æskunnar
- ☐ Ævintýraskóli æskunnar

6. Guðrún aðstoðarkvikmyndatökukona var niðursokkin í að skrifa eitthvað í símann sinn. Hvað merkir orðið *niðursokkin*? _____

7. Hvað heldur þú að hún hafi verið að skrifa? _____

8. María Mjöll er sminka. Hvað gerir sminka? _____

9. Hvað merkir að vera *kattliðugur*? _____

10. Hvert var hlutverk Sögu Garðarsdóttur? _____

11. Hvað merkir orðasambandið *handagangur í öskjunni*?

- ☐ mikið gengur á
- ☐ fara í handabað í lítilli öskju
- ☐ tjá sig með höndunum



12. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri. Skrifaðu endursögnina: _____

13. Eintala og fleirtala. Ljúktu við töfluna hér að neðan.

Eintala (et.)	Fleirtala (ft.)
sími	
	ljóskastarar
gallabuxur	
	fléttur
nærbolur	
	leikkonur
pils	
	bekkir
sjónvarp	
	leikhús



5. kafli bls. 25-28



1. Hver var Lilja? _____

2. Hvað átti Ugly að sitja? _____

3. Hver var María Mjöll og hvaða starfi gegndi hún við myndina?

- ☐ Hún er sminka og sér um minkana og refina.
- ☐ Hún er sminka og sér um að farða leikarana.
- ☐ Hún fer með aðalhlutverkið.

4. Hvernig var Kára Þór breytt fyrir hlutverkið? _____

5. Hvað var sérstakt við gleraugun sem Kári fékk?

- ☐ Þetta voru gleraugu Harry Potters.
- ☐ Þau voru kringlótt og fyrir nærsýna manneskju.
- ☐ Þau voru með venjulegu rúðugleri.

6. Hvers vegna var Kári ánægður með að líkjast Harry Potter?

7. Saga Garðarsdóttir lék kennslukonuna Filippíu. Hvað átti hún að opna á kennara-
borðinu og hvað átti þá að gerast? _____

8. Skoðaðu myndina á blaðsíðu 28. Hvernig svipur er á börnunum?

9. Hvað ætli Fjölur hafi átt við með því að börnin mættu ekki ofleika?

10. Raðaðu lituðu orðunum á línuna þannig að úr verði rétt málsgrein.

Mundu eftir að byrja á stórum staf og enda á punkti.

töskunni úr svífur ærsladraugur upp



11. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim
í réttri atburðarás.

6. kafli bls. 29-35

1. Hvað gerði kvikmyndagerðarfélagið áður en byrjað var að mynda?

Nefndu a.m.k. þrjú atriði. _____

2. Fjölnir sagði að tvíburarnir Samúel og Emil væru jafn líkir og ...

- ☐ snjókorn eða vatnsdropar
- ☐ vatnsdropar eða bláber
- ☐ vatnsdropar eða krækiber



3. Hvað er klapptré? _____
- _____
- _____

4. Af hverju ætli Filippía hafi orðið svona undrandi þegar hún opnaði töskuna?
- _____
- _____

5. Hvernig brást Sara við þegar taskan opnaðist?

- ☐ Hún tók heljarstökk aftur á bak og fór síðan á handahlaupum á milli púltanna og endaði úti við glugga.
- ☐ Hún tók heljarstökk aftur á bak og fór síðan á handahlaupum út úr stofunni.
- ☐ Hún tók heljarstökk aftur á bak og fór síðan á handahlaupum þangað til hún skall í vegginn.

6. Hvað merkir *að gera sér upp*? _____

7. Hvers vegna heldur þú að það hafi þurft að taka atriðið upp mörgum sinnum?

8. Hvað merkir orðið *lúinn*?

- ☐ lasinn
- ☐ hress
- ☐ þreyttur



9. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri: _____

10. Rifjaðu upp hvað nafnorð og sagnorð eru. Finndu sex nafnorð og sex sagnorð í kaflanum og skrifaðu í töfluna hér fyrir neðan.

Nafnorð (no.)	Sagnorð (so.)

7. kafli bls. 36-40

1. Í hvaða mánuði gerist 7. kafli? _____

2. Hvað gerði draugurinn þegar hann kom inn í hótélherbergi Filippíu?

- ☐ Hann faldi sokkana hennar og opnaði og lokaði dyrunum.
- ☐ Hann faldi fötin hennar og slökkti ljósin.
- ☐ Hann faldi sokkana hennar og skrúfaði frá krananum.

3. Hvers vegna smaug draugurinn ofan í töskuna hennar Filippíu?

- ☐ Hann ætlaði að lauma sér til Íslands.
- ☐ Hann ætlaði að fá sér nammi.
- ☐ Hann ætlaði að skoða nýju spilin.



4. Hvar voru Kári Þór og hinir krakkarnir úr kórnum? _____

5. Um hvað var bíómyndin? _____

6. Af hverju hélt Filippía að sig væri að dreyma? _____

7. Hvers vegna komst draugurinn ekki upp úr töskunni? _____

8. Hvað er átt við með því að draugurinn *hafi þurft að dúsa* í töskunni í nokkra daga?

9. Hvernig var myndin öðruvísi í bíó en þegar hún var tekin upp?

10. Hvað merkir *að leika lausum hala*?

- ☐ Að vera frjáls og óhindraður.
- ☐ Að leika sér með skott.
- ☐ Að geta ekki losað sig.



11. Raðaðu lituðu orðunum á línuna þannig að úr verði rétt málsgrein.

Mundu eftir að byrja á stórum staf og enda á punkti.

sprelligosi draugurinn er ægilegur hennar og felur sokkana Filippíu

12. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaganum þínum frá þeim í réttri atburðarás.

8. kafli bls. 41-45



1. Hvers vegna ætli tónlist sé notuð í kvikmyndum? _____

2. Hver var söguþráður kvikmyndarinnar? _____

3. Hvernig stríddi draugurinn stelpunum?

- ☐ Hann faldi handklæðin þeirra, gusaði á þær vatni og sveiflaði hárburstum.
- ☐ Hann gusaði á þær vatni, faldi hárbursta og sveiflaði handklæðum.
- ☐ Hann sveiflaði hárburstum, faldi fötin þeirra og gusaði á þær vatni.

4. Hver sá drauginn best af öllum og hvernig gat sá aðili hjálpað stelpunum?

5. **Að vera með heimþrá merkir ...**

- ☐ að langa út í heim.
- ☐ að langa í nýtt heimili.
- ☐ að langa til að komast heim.

6. **Hvaða tungumál talaði draugurinn?** _____

7. **Hvernig gátu börnin lokkað drauginn ofan í töskuna?** _____

8. **Hvert fóru krakkarnir með töskuna sem draugurinn var í?**

9. **Um hvað á stuttmynd Kára og Ísabellu að vera?**

- ☐ Krakka sem finna fjársjóð í skólanum.
- ☐ Draug sem stríðir krökkunum en gefur þeim fjársjóð.
- ☐ Krakka sem finna fjársjóð uppi á háalofti.



10. Hvaða munur er á sögu og handriti? _____

11. Hverjir eiga að leika í stuttmynd Kára og Ísabellu? _____

12. Ærsladraugurinn var að lesa bókina okkar og hann ruglaði nokkrum orðum.

Getur þú fundið út hvaða orð þetta eru? Orðin eru öll úr sögunni.

durargu _____

nélmydav _____

tkplapré _____

klieiar _____

kikvmöndðatkuyaumr

tmnentannókearin





Hugleiðingar að lestri loknum

1. Hvernig fannst þér bókina? Mælir þú með henni? Af hverju?

2. Um hvað er sagan? Ef þú ættir að segja einhverjum frá þessari bók, hvernig myndir þú lýsa henni? _____

3. Hugsaðu þér að þú ættir að gera stuttmynd. Um hvað myndi hún vera?

